

Mál nr. 308/2018**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Réttindalaus ökumaður ók bifreið og farþegi slasaðist 1.10.2017. Skerðing bóta.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.10.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
Bréf V, dags. 25.10.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið út af vegi í Langadal á Möðrudalsöræfum. Ökumaður A, sem hafði ekki ökuréttindi segir að hún hafi séð ref hlaupa upp á veginn og hún þá farið út í kant og tekið í stýrið og beygt til vinstri og misst þá stjórn á A og við það hafi A oltið á toppinn og runnið eftir veginum og síðan út af honum og oltið nokkrar veltur. M bar með sama hætti um tildrög umferðaróhappsins og segist M hafa leyft ökumanni A að aka bifreiðinni þrátt fyrir að hún væri ekki með ökuréttindi. M var ekki með öryggisbelti þegar óhappið átti sér stað. Aðstæður til aksturs voru góðar. M slasaðist og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A og segir að ekki séu skilyrði til að skerða bætur til hans og til þess sé að taka að ökumaður A hafi lokið æfingaakstri til að öðlast réttindi til að fá útgefið ökuskríteini og verið tæplega 17 ára á slysdegi. Slysinn hafi ekki verið valdið af stórkostlegu gáleysi M sjálfs eða ökumanns A. V viðurkennir bótaskyldu, en telur að skerða eigi bætur til M vegna stórkostlegs gáleysis hans og brots á varúðarreglu með því að fela réttindalausum ökumanni stjórn A. V telur að það sé M að sýna fram á að ökumaðurinn hafi búið yfir hæfni til aksturs bifreiðar og telur V ósannað að ökumaðurinn hafi búið yfir slíkri hæfni. V telur að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins og vanhæfni ökumanns til að stjórna A og lýsing hennar á atvikinu beri merki þess. V vísar til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 varðandi lækun eða niðurfellingu bóta fyrir líkamstjón. V vísar einnig til þess, að M hafi brotið gegn varúðarreglu sbr. gr. 4.1 í váttryggingaskilmálum.

Álit.

M fól réttindalausum ökumanni stjórn A, meðvitaður um að hún hafði ekki öðlast rétt til að aka bifreið. M var því fulljóst að ökumaðurinn bjó ekki yfir nægjanlegri hæfni til að aka bifreiðinni og sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi með því að fela henni stjórn bifreiðarinnar. Miðað við lýsingu ökumanns og M á umferðaróhappinu verður ekki annað séð en að rekja megi það til vanhæfni ökumannsins til að stjórna bifreiðinni þar sem hún hafði ekki stjórn á þeim aðstæðum sem upp komu þegar refur hljóp upp á veginn og missti í framhaldinu stjórn á bifreiðinni. Sú háttsemi M að fela réttindalausum ökumanni stjórn bifreiðarinnar var stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, sem hefur í för með sér skerðingu bóta til hans. Eftir atvikum þykir rétt að bætur séu skertar um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber tjón sitt sjálfur að helmingi.

Reykjavík 13.11.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.